

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Njarðargata 61 – USK23070148.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, 9. janúar 2025, tillögu að breytingu á deiliskipulagi reits 1.181.3, Lokastígsreits 4, vegna lóðarinnar nr. 61 við Njarðargötu. Í breytingunni felst heimild til að lengja áður heimilaða viðbyggingu, upp á 3 hæðir og ris, um 2 m til suðvesturs, í samræmi við gildandi mæliblað. Núverandi stigahús víkur, ásamt geymsluskúr á lóð, og nýtt stigahús með lyftu er felld inn í kropp hússins sem telur að hámarki 8 íbúðir. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Laugavegur 168-176 – Laugavegur 168 og 170 – USK24120150.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 9. janúar 2025, breytingu á deiliskipulagi fyrir Laugaveg 168-176 vegna lóðanna nr. 168 og 170 við Laugaveg. Í breytingunni felst breyting á lóðamörkum lóðanna, breyting á skipulagsmörkum á horni Laugavegs og Nóatúns, til samræmis við breytt lóðarmörk Laugavegs 168, uppfærsla á sneiðingum og uppfærsla á skilmálatöflu miðað við breytt lóðarmörk og þ.a.l. breyttu nýtingarhlutfalli. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 12. febrúar 2025.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfudagur: 26. febrúar 2025